

7. Flug yfir sjó.

- 7.1. Eins hreyfils landflugvélum skal ekki flogið lengra frá landi en svo, að hægt sé að ná til lands í renniflugi. Sjúkraflug og annað neyðarflug er undanþegið ákvæðum þessarar málsgreinar og loftferðaefirlitið getur veitt sérstakar undanþágur til ferjuflugs o. þ. h. Sé loftförum flogið fjær landi en 50 sjómíllur, skulu vera um borð björgunarbátar, sem rúmi alla um borð.

8. Gerð og frágangur búnaðar.

Flugmálastjórn veitir nánari upplýsingar um kröfur sem varða gerð, frágang, ísetningu og viðhald framangreinds búnaðar.

9. Refsiákvæði.

Brot gegn reglugerð þessari, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum enda taki eigi önnur refsíákvæði XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 yfir atferlið.

10. Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89., 155., 163. og 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, og tekur til íslenskra loftfara og erlendra loftfara sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. maí n. k. Ákvæði 4.1.3. taka þó ekki gildi fyrr en 1. október n. k. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur um óbyggðaflug og flug yfir sjó nr. 253 23. maí 1975.

Samgönguráðuneytið, 22. febrúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar árið 1977.

1. gr.

Á tímabilinu 15. mars til 15. maí 1977 eru loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá 20° v. lgd. austur um að línu réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni, utan línu, sem dregin er 25 sjómíllur utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Á tímabilinu 15. maí til 15. júlí 1977 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

2. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti loðnuaflla fiskiskipa.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjúnuoddi að sporðsenda.

3. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nóttinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd, ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

4. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 2. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita, að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunarinnar, leyfi til loðnuveiða á svæðum, þar sem loðnuveiðar eru hannaðar samkvæmt 1. gr.

6. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

7. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.